65 amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 16. þ. m., og beiðni hlutað-
19. júní eiganda, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að presturinn að Brjánslæk, sjera Bjarni Símonarson, taki 850 kr. embættislán, sem þó eigi verður veitt úr landsjóði, uppá prestakall sitt, til þess að byggja þar 2 ný hús, sem sje geymsluhús 15 álna langt og 6 álna breitt með 4 álna háum torfveggjum og heyhlöðu 20 álna langa og 5 álna breiða með 6 álna háum torfveggjum, og ennfremur til að kaupa handa prestssetrinu 10 álnir af járnþöktum timburskúr $5^1/_2$ álnar breiðum, og að öðru leyti með því fyrirkomulagi á húsum þessum, er lýst er í fyrnefndu brjefi stiptsyfirvaldanna, gegn því að lánið endurgreiðist á 15 árum með jöfnum afborgunum, en helmingur þess útgreiðist ekki fyr en sannað er með skoðunargjörð, að hin umrædda húsabót sje framkvæmd og vel vönduð, og með því skilyrði að öll húsin verði eign prestakallsins og að þeim verði hjereptir skilað í gildu standi og með fullu álagi, en jafnframt leggist niður 4 hinna núverandi bæjarhúsa: eldhúskofi, smiðja, hesthúskofi og torfskemma.

Þetta er stiptsyfirvöldunum til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

66 **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um lántöku-leyfi handa Húsavíkurprestakalli.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amt-
19. júní maður, og yðar, herra biskup, í brjefi dagsettu 16. þ. m., og beiðni hlutaðeiganda, vil eg hjermeð veita samþykki mitt til þess að presturinn að Húsavík, sjera Jón Arason, taki 300 kr. embættislán, sem þó eigi verður verður veitt úr landssjóði, uppá prestakallið til þess að láta gjöra nákvæma mæling og uppdrátt af kaupstaðnum og landinu umhverfis til afnota fyrir nefnd þá, er í ráði er að skipuð verði til þess eptirleiðis ásamt prestinum og undir eptirliti prófasts að gjöra tillögur um allar útvísanir lóða úr landi kaupstaðarins Húsavíkur, sem er eign prestakallsins, og er lán þetta því skilyrði bundið, að það endurborgist á 28 árum með jöfnum afborgunum.

Þetta er stiptsyfirvöldunum til vitunar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

67 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um greiðslu á tolli.** Með brjefi, dagsettu 23. f. m., hafið þjer herra
24. júní amtmaður, sent hingað brjef frá bæjarfógetanum á Seyðisfirði, þar sem hann spyrst fyrir um það, hvar greiða eigi toll af tollskyldum vörum, sem gufuskipið Hermes átti að flytja til Akureyrar í vor, en varð að leggja upp á Seyðisfirði sökum hafíss. Vörur þessar voru síðan fluttar af Seyðisfirði til Akureyrar á öðru gufuskipi. Jafnframt hefir nefndur bæjarfógeti látið það í ljósi, að toll af umgetnum vörum beri að hans áliti að heimta á Seyðisfirði samkvæmt því sem segir í 2. gr. tolllaganna. Þessu áliti bæjarfógetans tjáizt þjer vera samdóma.